



Þær halda fund um kvennaframboð á laugardag: Frá vinstri Helga Kress, Kristín Astgeirsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Hjördís Hjartardóttir og Helga Ólafsdóttir. Ljós. — eik.

Kvennaframboð í Reykjavík?

Ákvörðun í nánd


Sérstakt kvennaframboð við næstu borgarstjórnarkosningar í Reykjavík, — og raunar við bæjarstjórnarkosningar á Akureyri einnig — hefur talsvert verið til umræðu í sumar og haust. Mun nú trúlega senn fást úr því skorðið hvort til skarar verður látið skriða eða ekki.

Í gær sátu þær Helga Ólafsdóttir, Helga Kress, Hjördís Hjartardóttir, Kristín Jónsdóttir, og Kristín Astgeirsdóttir fund með fréttamönnum þar sem þær reifuðu þessa hugmynd. Og til þess að kanna áhuga á slíku framboði verður haldinn almennur fundur á Hótel Borg n.k. laugardag, 14. nóv. Þar munu flytja ræður, Kristín Astgeirsdóttir, blaðamaður, Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri og Asgerður Jónsdóttir, kennari. Flutt verður tónlist og konur kynna

eigin ljóð. Fundarstjóri verður Sigríður Dína Kristmundsdóttir og Helga Sigurjónsdóttir. Að loknum framsöguræðum er gert ráð fyrir umræðum og svarað verður væntanlegum fyrirspurnum frá fundarmönnum. Aðgangseyrir er kr. 10.

Rök fyrir sérstöku kvennaframboði töldu fundarboðendur einkum þau, að konur væru svo til áhrifalausar í íslensku stjórnmála- og atvinnulífi. Vonlítið væri eins og málum háttáði, að konur gætu aukið vald sitt og athafna svið í íslenskum stjórnmálum með því að fara hina hefðbundnu leið flokkakerfisins, þær yrðu að taka málin í eigin hendur.

Ennþá hefur engin ákvörðun um framboð verið tekin. Mun hún m.a. ráðst af því hverjar undirtektir hugmyndin fær á fundinum á laugardaginn, sem vænta má að verði fjölmennur. —mhg



■ Kvennahópurinn sem kynnti hugmyndir að kvennaframboðinu: Frá v.: Helga Kress, Kristín Astgeirsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Hjördís Hjartardóttir og Helga Ólafsdóttir.

Ákvörðun um kvennaframboð tekin á laugardaginn

„Við höfum orðið varar við töluverðan áhuga fyrir kvennaframboði. Sá áhugi kemur fyrst og fremst fram hjá hinum almennu borgurum, en framámönnum í pólitík finnst þetta hins vegar fráleitt. Því hefur verið ákveðið að efna til fundar á Hótel Borg næsta laugardag til að kynna þær hugmyndir sem ræddar hafa verið og jafnframt til að kanna hvort það mat okkar er rétt að mikill áhugi sé fyrir kvennaframboði við næstu borgarstjórnarkosningar“.

Þetta kom fram hjá nokkrum úr hópi þeirra kvenna sem átt hafa með sér umræðufundi um

þessi málefni í sumar og haust og efndu til fundar með fréttamönnum í gær.

Stefnuskrá sögðu þær ekki fullmótada ennþá, en mjög hafi m.a. verið rætt um að berjast fyrir breyttri forgangsroð verkefna, þ.e. að málefni sem snerta beint hag fjölskyldnanna fái forgang umfram önnur, svo og að leitad verði ódýrari lausna um ýmis mál en tókast hefur.

Hópurinn hvetur þær konur sem áhuga hafa á kvennaframboði að sýna sig á fundinum á laugardag, því úrslit þessa máls geti ráðist af undirtektum þar. —HEI

Fyrsti blaðamaður . 13. nóv 1989
Fundur á Hótel Borg 14. nóv. kynntu